



GÖÐI

GÖÐI3GG05

Kennsluáætlun – vorönn 2019

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR) og Guðfinna Gunnarsdóttir (GG)

Áfangalýsing:

Í áfanganum er grísk og norræn goðafræði skoðuð í tengslum við menningu, sögu, siði, hefðir og fleira sem tengist nútímasamfélagi. Lesnar eru bókmenntir, greinar og heimildarit sem tengjast grískri og norræni goðafræði. Skoðað hvernig goðafræði birtist í tölvuleikjum, kvikmyndum, borðspilum og fleiru.

Unnin eru fjölbreytt ritunarverkefni, bæði einstaklings-

og hópverkefni. Að auki er unnið með munnlega færni í verkefnaskilum. Nemendur munu hafa val um hvort þeir skili verkefnum á ensku eða íslensku.

Forkröfur: Hafa lokið 10 ein í ensku og íslensku á 2.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Menningarlegu og sögulegu samhengi við nútímann.
- Bókmenntum sem tengjast goðafræðinni.
- Myndefni sem tengist goðafræðinni.
- Kvikmyndum og öðrum tilvísunum sem tengjast goðafræðinni.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt
- Skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu
- Lesa sér til ánægju og fróðleiks
- Afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt
- Færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Velja sér viðfangsefni og gera grein fyrir þeim.
- Nýta sér fyrirlestra, umræður og annað um efni sem hann þekkir vel.
- Kynna sér viðfangsefni til hlítar og meta það á gagnrýninn hátt.
- Vinna efni úr ólíkum upplýsingaveitum og vinna með það samkvæmt kröfum um heimildavinnu.
- Vera læs á sjálfan sig í víðu samhengi og geta mætt nýjum hlutum með gagnrýninni hugsun.

Kennslubækur og kennslugögn: Efni frá kennara.

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi þar sem áhersla er lögð á kynningar, jafningjamat og sjálfsmat ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Lögð er mikil áhersla á mætingu og þátttöku í tímum. Nemendur þurfa að skila **öllum** verkefnum áfangans.

40% Verkefni úr norrænni og grískri goðafræði.	10% Hópverkefni.	20% Munnlegt próf.
20% Valverkefni (verkefni 15% og kynning 5%).	10% Lokaverkefni.	